

BORGARRÁÐ 28. október 2021: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tímarit varðandi húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar - R21100432

Nú berst borgarbúum stórt tímarit í tengslum við húsnæðisáætlun borgarinnar og er útgefandi þess Reykjavíkurborg. Ekki er hægt að láta hjá líða, í þessu samhengi, að minnst á átak borgarinnar þar sem borgarbúar voru hvattir til að sniðganga pappírsbæklinga en hér fer borgin enn og aftur sjálf gegn eigin hvatningu með því að dreifa pappír inn um allar lúgur óumbeðin. Í fyrra var sent út tímarit í tengslum við Græna planið og var kostnaður við gerð þess um 10.240.777 kr. fyrir utan virðisaukaskatt. Óskað er upplýsinga um hvar og hvenær ákvörðun um útgáfu þessa bæklinga var tekin? Hvaða fjárheimildir hafi legið fyrir ákvörðuninni. Fór gerð bæklinga og dreifing í útboð? Hvað kostaði hönnun, prentun og dreifing bæklinga? Hver var heildarkostnaður við vinnslu blaðsins og í hverju fólst hann?